

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 87/2020

2023/EES/22/20

frá 12. júní 2020

um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn (Félagaréttur)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/34 frá miðvikudagur, 15. janúar 2020 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinnna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 39, og alþjóðlega reikningsskilastaðla, IFRS-staðla 7 og 9 ⁽¹⁾.
- 2) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32020 R 0034**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/34 frá 15. janúar 2020 (Stjttíð. ESB L 12, 16.1.2020, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2020/34, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. júní 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. júní 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 12, 16.1.2020, bls. 5.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.